

Viðbrögð vegna ótilkynntra forfalla - F

Þrep 1 – Viðmið 2 til 12 punktar

Umsjónarkennari ræðir við nemanda. Foreldrum sent bréf um ástundun í gegnum Mentor.

Þrep 2 – Viðmið 13 til 24 punktar

Skóli sendir foreldrum bréf um ástundun í gegnum Mentor. Umsjónarkennari boðar í kjölfarið fund með foreldrum og nemanda (ef viðeigandi). Tilkynnt til skólastjórnenda.

Þrep 3 – Viðmið 25 til 39 punktar

Fundur með umsjónarkennara og nemanda (ef viðeigandi), ásamt foreldrum og skólastjórnanda/fulltrúa hans. Áætlun sett fram.

Þrep 4 – Viðmið 40 til 52 punktar

Málinu er vísað til umfjöllunar í nemendaverndarráði. Áætlun sett fram.

Þrep 5 – Viðmið 53 eða fleiri punktar

Skólinn tilkynnir skólasókn nemandans til Barnaverndar.

Viðbrögð vegna leyfa/veikinda

Prep 1 – Viðmið 5 til 9 veikinda- og/eða leyfisdagar

Skóli sendir foreldrum bréf um ástundun í gegnum mentor. Umsjónarkennari hefur í kjölfarið samband við foreldra.

Prep 2 – Viðmið 10 til 14 veikinda- og/eða leyfisdagar

Skóli sendir foreldrum aftur bréf um ástundun í gegnum Mentor. Umsjónarkennari hefur í kjölfarið samband við foreldra. Ef 80% eða meira af forfalladögum eru tilkynnt veikindi, upplýsir umsjónarkennari skólahjúkrunarfræðing um stöðu mála sem metur mögulega aðkomu sína að málefnum nemandans. Skólahjúkrunarfræðingur tekur málið upp í Nemendaverndarráði ef þörf þykir. Skólastjórnendur upplýstir um stöðu mála.

Prep 3 – Viðmið 15 til 19 veikinda- og/eða leyfisdagar

Umsjónarkennari boðar foreldra til fundar, ásamt skólastjórnanda. Áætlun sett fram. Nemendaverndarráð upplýst um stöðu mála.

Prep 4 – Viðmið 20 til 29 veikinda- og/eða leyfisdagar

Málinu vísað til umfjöllunar í nemendaverndarráði. Skólastjórnandi boðar foreldra til fundar (e.t.v. með aðkomu fulltrúa úr nemendaverndarráði). Áætlun sett fram.

Prep 5 – Viðmið 30 eða fleiri veikinda- og/eða leyfisdagar

Skólinn tilkynnir skólasókn nemandans til Barnaverndar.